



Henry B. Eyring forseti
Annar ráðgjafi í Æðsta
forsætisráðinu

Miðla því sem þið trúðið

Faðir minn var vísindamaður. Ég las eitt sinn ræðu sem hann flutti fyrir framan stóran hóp. Í ræðunni talaði hann um sköpunina og skaparann þegar hann talaði um vísindi. Ég vissi að fáir í hópnum deildu trú hans. Svo ég sagði við hann í undrun: „Pabbi, þú gafst vitnisburð þinn.“

Hann horfði á mig, hissa og sagði: „Gerði ég það?“ Hann vissi ekki einu sinni að hann hefði verið hugrakkur. Hann sagði einfaldlega það sem hann vissi að var sannleikur.

Við öll sem höfum verið skírð höfum lofað að miðla fagnaðarerindinu. Við getum beðist fyrir í trú til að skynja elsku frelsarans til okkar og allra sem við hittum. Þið munuð verða spennt fyrir kirkju Drottins og verki hans og það mun sýna sig. Að miðla því sem þið trúðið mun verða hluti af því sem þið eruð. ●

Aðlagð frá, „A Child and a Disciple,“ aðalráðstefna, apríl 2003.

Einfaldar leiðir til að miðla


Þið getið miðlað fagnaðarerindinu á margan hátt! Skriðið það sem þið gætuð sagt hverjum einstaklingi til að miðla því sem þið trúðið. Það fyrsta hefur verið gert fyrir ykkur.

Hvernig var
helgin hjá þér?



Góð! Ég
fór í kirkju.

Margir hafa
mismunandi
trúarskoðanir.
Hverju trúir þú?



Pabbi minn
er veikur.
Viltu biðja
fyrir honum?

